

AUGLÝSING
um breytingu á aðalskipulagi Mosfellsbæjar 2002-2024,
iðnaðarsvæði við Flugumýri.

Samkvæmt 19. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997, hefur ráðherra þann 6. apríl 2006 staðfest breytingu á aðalskipulagi Mosfellsbæjar 2002-2024, frá 8. júlí 2003.

Breytingin felst í því að afmörkun íbúðarsvæðis og athafnasvæðis og vegtengingar frá Skarhólabraut breytist og opið óbyggt svæði minnkar vegna stækkunar iðnaðarsvæðis við Flugumýri.

Uppdrátturinn hefur hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um og samþykki bæjarstjórnar Mosfellsbæjar. Skipulagsstofnun hefur afgreitt erindið til staðfestingar.

Breytingin öðlast þegar gildi.

Umhverfissráðuneytinu, 6. apríl 2006.

F. h. r.

Magnús Jóhannesson.

Sigríður Auður Arnardóttir.